



Reglur um viðveruskráningu

1. gr. Gildissvið

Reglur þessar ná til allra starfsmanna Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Allir starfsmenn Sveitarfélagsins Skagafjarðar munu nota viðverukerfið VinnuStund vegna allrar vinnu/verkefna á vegum sveitarfélagsins. Undanþágu vegna þessa getur einungis mannauðsstjóri veitt með samþykki viðkomandi sviðsstjóra.

2. gr. Tilgangur

Tilgangur reglna þessara er að skýra hlutverk og ábyrgð starfsmanna vegna notkunar á viðverukerfinu VinnuStund.

2. gr. Markmið

Markmið með notkun VinnuStundar er að halda utan um tímaskráningu og réttindi starfsmanna sveitarfélagsins. Viðverukerfið gefur upplýsingar um allar tímafærslur og getur haldið utan um aksturskráningar ef þess þarf.

Vinnustund heldur m.a. utan um:

- Viðveru starfsmanns á vinnustað.
- Leyfi (orlof, vetrarfrí o.fl.), inneign og ávinnslu skv. kjarasamningum.
- Reiknaðar forsendur launa (álag, yfirvinnu, kaffitíma og útköll) út frá vaktáætlunum, stimplunum og gildandi kjarasamningum).
- Samþykkttaferli vegna tímaskráninga og beiðna um leyfi.
- Sendir forsendur launa til launakerfis.

3. gr. Skráningar

Viðvera er skráð í kerfið með inn- og útstimplunum og þurfa starfsmenn að skrá viðveru með stimplun í gegnum stimpilklukku/tölvu. Í undantekningartilvikum er heimilt að stimpla í gegnum síma.

4. gr. Starfsmenn - sjálfsþjónusta

Starfsmenn bera ábyrgð á að skráningar sínar séu rétt skráðar í VinnuStund. Starfsmenn hafa aðgang að sjálfsþjónustu á vefsvæði VinnuStundar og geta þar lagfært sínar skráningar. Þar geta þeir jafnframt aflað upplýsinga um eigin stöðu t.d. á orlofi, veikindarétti o.s.frv.

Í sjálfsþjónustunni geta starfsmenn jafnframt lagt fram tillögur um frí- og fjarvistir sem yfirmaður staðfestir og færast þær skráningar sjálfkrafa sem tímaskráning eftir að yfirmaður hefur staðfest þær.

5. gr. Yfirmenn - staðfesting

Yfirmenn bera ábyrgð á að staðfesta réttar skráningar sinna starfsmanna. Staðfesta þarf allar skráningar í síðasta lagi 17. hvers mánaðar. 18. hvers mánaðar eru skráningar í VinnuStund færðar í launakerfið til útreiknings. Skráningar þurfa að vera staðfestar til að þær komi til greiðslu. Laun verða í engum tilvikum greidd til launþega nema skráningar séu samþykktar af yfirmanni.

Sauðárkróki, 30. október 2018


Sveitarstjóri

Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri